

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110054

22. nóvember 2018

Norðurstígur, bann við því að leggja

1. Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við austurhlið Norðurstígs frá Vesturgötu að Mýrargötu. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Ökutæki sem leggja í Norðurstíg þrengja að almennri umferð eftir götunni og koma í veg fyrir að íbúar sem eiga stæði í porti við Nýlendugötu komist að þeim.

Að undanfögnu hafa verið framkvæmdir við svokallaðan Naustareit. Á meðan á framkvæmdum stóð voru bílastæði sem áður voru við austurkant Norðurstígs innan vinnusvæðisins og því óaðgengileg. Núna þegar girðingin hefur verið fjarlægð er aftur farið að leggja í götunni. Það er þó eftir að aðlaga og ganga frá yfirborði götunnar að húsunum. Það verður ekki gert fyrr en við endurgerð götunnar. Það er því bæði hæðarmunur og mól næst húsunum. Það verður til þess að minna svæði er til að aka eftir, ef bílum er lagt, en áður var. En eins, er þar á vissum stöðum hætta á óhöppum ef stigið er farþegamegin út úr bifreiðunum. Búið er að afmá yfirborðsmerkingar sem áður afmörkuðu bílastæðin.


Endurhönnun götunnar, sem vistgötu, er hafin. Í hönnuninni er ekki gert ráð fyrir bílastæðum í götunni heldur gert ráð fyrir að göngusvæðið að vestanverðu breikki. Að austanverðu, þar sem í dag er ófrágengið, er gert ráð fyrir regnbeði (blágrænum ofanvatnslausnum).

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við austurkant Norðurstígs.



Mynd 2 Núverandi aðstæður á Norðurstíg. Ókutæki leggja inn á akstursleið. Illmögulegt er að aka inn og út úr porti og malarsvæði við húsin skapar fallhættu fyrir farþega á leið inn og úr bílum.